

Fundargerð

141. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra haldinn miðvikudaginn 25. janúar, kl. 14.00 á skrifstofu HNE á Furuvöllum Akureyri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. Rannsóknir á dreifingu skólps í sjó við Akureyri, sjósýni frá 12. des. s.l.

Rannsókn á sjósýnum meðfram strandlengju og hafnarsvæðum Akureyrarbæjar sem tekin voru þann 12. desember 2011 sýna verulega og samfellda skólpmengun á öllu svæðinu frá Þórsnesi og að Leiruvegi.

Heilbrigðisnefnd skorar á bæjarstjórn Akureyrarbæjar að taka málið föstum tókum og láta úrbætur á fráveitu Akureyrarbæjar fá algjöran forgang í framkvæmda-áætlun yfirstandandi árs.

Heilbrigðisnefnd leggur þunga áherslu á mikilvægi þess að Akureyrarbær tryggi matvælavinnslum, fóðurgerð, ferðaþjónustu og almennum útivistarhagsmunum í Akureyrarbæ hreint og heilnæmt umhverfi og fullnægi skyldum sínum um fullnægjandi fráveitu til sjávar.

Þá mælist heilbrigðisnefnd til þess að hafnarstjórn komi fyrir upplýsingum við höfnina í Sandgerðisbót (t.d. með skilti) um að hafnarsjór í smábátahöfninni sé skólpmengaður og óhæfur til þrifa á bátum og áhöldum.

3. Mengun í útblæstri úr brennslustöð Sorpsamlags Þingeyinga á Húsavík, kynning.

Farið var yfir stöðu mála og fram kom að Sorpsamlag Þingeyinga vinnur að úrbótum til að lagmarka mengun í útblæstri brennslustöðvar á Húsavík og er m.a. fyrirhugað að taka aftur sýni til rannsókna í febrúar n.k. Einnig voru kynntar niðurstöður efnagreininga á mengunarefnum í Snartarstaðalæk vegna sigvatns frá sorphaugunum á Kópaskeri og reyndist efnastyrkur undir greiningarmörkum og áhrif sigvatns ekki merkjanleg. Þá voru kynntar mælingar á efnasamsetningu á hauggasi í urðunarstað við Kópasker; myndun metangass er tiltölulega lítil.

4. Umsögn vegna gjaldskrár fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Eyjafjarðarsveit.

Umsögn heilbrigðisfulltrúa var kynnt og samþykkt.

5. Umsögn vegna gjaldskrár fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Hörgársveit.

Umsögn heilbrigðisfulltrúa var kynnt og samþykkt.

6. Umsögn til Skipulagsstofnunar vegna gerð flughlaðs á Akureyrarflugvelli.

Umsögn heilbrigðisfulltrúa var kynnt og samþykkt.

7. Umsögn til Skipulagsstofnunar vegna Dalsbrautar á Akureyri.

Umsögn heilbrigðisfulltrúa var kynnt og samþykkt.

8. Auto ehf, Svalbarðsstrandarhreppi, krafa um úrbætur og fyrirhuguð áminning.

Þar sem bílapartasalan Auto ehf hefur ekki brugðist að fullu við kröfum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra um að fjarlægja tjónabíla og bílhuta norðan og vestan við atvinnuhúsnæði fyrirtækisins að Setbergi í Svalbarðsstrandarhreppi; þá er Auto ehf hér með veitt áminning skv. 26. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Auto ehf er hér með gefinn lokafrestur til 17. júní 2012 til að ljúka umræddri tiltekt; að öðrum kosti má búast við að fyrirtækið verði svipt starfsleyfi.

9. Tilraun með notkun ósóns í sundlauginni að Hrafnagili, kynning.

Kynnt var tilraunaverkefni með notkun ósóns til hreinsunar á vatni í heitum potti í sundlauginni að Hrafnagili í Eyjafjarðarsveit. Að loknu tilraunaverkefninu verður gerð ítarleg skýrsla um niðurstöður og leitað eftir umsögn Umhverfisstofnunar áður en að lengra verður haldið.

10. Umsögn til Þingeyjarsveitar vegna deiliskipulags Þeistareykjavirkjunar.

Umsögn heilbrigðisfulltrúa var kynnt og samþykkt. Í umsögn koma m.a. fram ábendingar um losun á vinnsluvatni, eftirlit með loftmengun og öðrum umhverfisþáttum.

11. Umsögn til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismatsáætlunar fyrir kísilmálmverksmiðju á Bakka við Húsavík.

Umsögn heilbrigðisfulltrúa var kynnt og samþykkt. Í umsögn koma m.a. fram ábendingar varðandi umhverfisáhrif á framkvæmdatíma.

12. Kynning á tillögum að breytingum á lögum 7/1998 varðandi verkaskiptingu milli Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga

Umsögn heilbrigðisfulltrúa vegna tillagna sem eru í vinnslu í Umhverfisráðuneytinu um breytingar á verkaskiptingu hvað varðar eftirlit með atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun var kynnt og samþykkt.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. G.P.G. fiskverkun ehf, kt. 551203-2470. Suðurgarði 640, Húsavík. Starfsleyfi-endurnýjun. **Samþykkt.**
2. G.P.G. fiskverkun ehf, kt. 551203-2470. Aðalbraut 4-6, 675 Raufarhöfn. Starfsleyfi, endurnýjun. **Samþykkt.**

3. Reykfiskur ehf, kt. 580690-0310, Héðinsbraut 4, 640 Húsavík. Starfsleyfi-endurnýju. **Samþykkt.**
4. Grand þvottur ehf., kt. 491106-0500, Freyjunesi 4, 603 Akureyri. Fatahreinsun og þvottahús. Endurnýjun starfsleyfis. **Samþykkt.**
5. Höfði ehf., kt. 630888-1589, Hafnarstræti 34, 600 Akureyri. Þvottahús og fatalitun, heildsala með efnavörur. Endurnýjun starfsleyfis. **Samþykkt.**
6. Pernan fatahreinsun ehf., kt. 710309-1160, Hafnarbraut 7, 620 Dalvík. Fatahreinsun og þvottahús. Endurnýjun starfsleyfis. **Samþykkt.**
7. Hörgárbraut ehf; Akinn, kt. 421111-1110, söluskáli og bensínstöð, umsókn um endurnýjun á starfleyfi vegna eigendaskipta. **Samþykkt.**
8. Tryggvaborg ehf, kt. 711202-2690, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúð að Brekkugötu 3, 4. hæð, Akureyri. **Samþykkt.**
13. Snyrtistofan Bergþóra, kt. 240273-4979, Ráðhúsi Dalvíkurbyggðar, 2. hæð, 620 Dalvík, umsókn um starfsleyfi fyrir rekstur á snyrtistofu. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
14. Samherji, kt. 610297-3079, Ránarbraut 5-8, 620 Dalvík. Heitloftspurrkun fiskafurða. Endurnýjun starfsleyfis. **Samþykkt.**
15. Samherji hf., kt. 610297-3079, v/ Hafnartorg, 620 Dalvík. Fiskvinnsla. Endurnýjun starfsleyfis. **Samþykkt.**

Önnur mál:

Umsögn vegna gjaldskrár fyrir sorphirðu og losun seyru í Grýtubakkahreppi:

Umsögn heilbrigðisfulltrúa var kynnt og samþykkt.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.00

Þórdís Rósa Sigurðardóttir, formaður	Alfreð Schiöth
Sigurjón Jóhannesson	Þorkell Björnsson
Birna Jóhannesdóttir	Þórey Agnarsdóttir
Hafsteinn H. Gunnarsson	María Markúsdóttir
Steinn Karlsson	Þórir V. Þórisson
Kristín Halldórsdóttir	